

## REGLUGERÐ UM SKIPTINGU LOTTÓHAGNAÐAR

ÍBH fær greiddan hagnað af LOTTÓ frá Íslenskri Getspá. Stjórn ÍBH hefur með reglugerð þessari samþykkt að greiða til aðildarfélaganna sinna hagnað eftir eftirfarandi skiptaaðferð, sem reiknast upp á ári hverju samkvæmt skýrslum aðildarfélaganna til ÍSÍ.

1. Skiptareglur Lottóhagnaðar eru þessar:

Félag	Deildir	17 ára og yngri	18 ára og eldri
15 %	15 %	60 %	10 %

2. Hver úthlutun skal vera samþykkt á stjórnarfundi ÍBH.
3. Nýtt félag fær ekki úthlutun á Lottóhagnaði fyrr en eftir að félagið hefur skilað inn starfsskýrslu (kennsluskýrslu) til ÍBH og ÍSÍ sem sýnir og sannar starf. Sama á við um nýja deild innan félags. Deild þarf að vera sjálfstætt starfandi með eigin stjórn og gefa út sér starfsskýrslu.
4. Stjórn ÍBH er heimilt að úthluta öllum Lottóhagnaðinum til félaganna. Einnig er heimilt að nota hluta af greiðslunni til sérstakra verkefna samkvæmt ákvörðun stjórnar ÍBH hverju sinni.

Ákvörðun um breytingu á reglugerð þessari er í höndum stjórnar ÍBH.

Samþykkt af stjórn ÍBH 3. október 2017.